

FRÉTTABRÉF

FÉLAGS ÍSLENSKRA NÁTTÚRUFRAEÐINGA

21. árg. 2. tbl.

maí. 2006

Orlofshús í sumar

Munið að 18. maí er síðasti dagur umsóknafrests um orlofshús. Umsóknareyðublað er í miðju fréttabréfinu ásamt úthlutunarreglum. Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu FÍN.
www.bhm.is/fin

Efni fréttabréfsins:

- Skýrsla stjórnar
- Orlofshúsin í sumar
- Umsóknareyðublað, í miðju blaðsins.
- Úthlutunarreglur
- Stjórnskipaðar nefndir

**Gleðilegt
Sumar!**



Útgefandi: Félag íslenskra náttúrufræðinga, Lágmúla 7, 108 Reykjavík.

sími: 568-9616, **bréfsími:** 568-9619, **netfang:** fin@bhm.is,

Heimasíða: www.bhm.is/fin **Ritstjóri og ábyrgðarmaður:** Sæunn Marinósdóttir, skrifstofustjóri

Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2005

Í upphafi starfsárs skipti stjórn með sér verkum eins og lög félagsins gera ráð fyrir einungis formaður og varaformaður eru sérstaklega kosnir á aðalfundi. Í framkvæmdastjórn sátu auk formanns og varaformanns Þorsteins Sigurðssonar eftirtaldir aðilar: Járngerður Grétarsdóttir gjaldkeri, Friðþjófur Árnason ritari og Þórarinn Jóhannsson meðstjórnandi. Umsjónarmenn trúnaðarmanna voru Þóroddur Fr. Þóroddsson, Svava S. Steinarsdóttir og Vala Friðriksdóttir og héldu þau áfram starfi sínu við að byggja upp gott trúnaðarmannakerfi enda eru trúnaðarmenn hornsteinar í starfsemi félagsins. Einar Hjörleifsson var reiknistofa FÍN eins og áður og útbjó nauðsynleg gögn og reiknilíkön fyrir kjarasamningsvinnu. Aðrir stjórnarmenn voru Trausti Baldursson, Kristjana Bjarnadóttir, Jóhannes Kjarval, Guðmundur Víðir Helgason, Heiðrún Guðmundsdóttir, Þorsteinn Narfason, Ólafur Eggertsson, Sigríður Elefsen og Kristbjörg Sigurðardóttir. Í stjórn sat einnig eins og lög félagsins gera ráð fyrir formaður ráðgjafanefndar FÍN Páll Halldórsson en með honum í nefndinni voru Auður Antonsdóttir og Þórólfur Antonsson.

Árið 2005 var samningaár og var unnið að kjarasamningum við ríkið, Reykjavíkurborg og Launanevnd sveitarfélaganna. Samningur við ríkið var undirritaður 18. mars 2005 og gildir hann til 30. apríl 2008. Félagið ákvað í sinni samningsgerð að vera utan við samflot BHM, en sálfræðingar ákváðu það einnig síðar. Helstu breytingar sem samið var um er ný launatafla sem tók gildi 1. maí 2006. Einnig voru tryggðir fjármunir til stofnanasamninga sem til dæmis má nota fyrir árangursmatskerfi á stofnunum. Þessar breytingar gera það að verkum að endurskoða þarf alla stofnanasamninga og gildir breyttur stofnanasamningur frá 1. maí 2006. Liður í undirbúningi fyrir stofnanasamningsvinnu var mótun reiknilíkans fyrir vörpun í nýja launatöflu og samningatækninámskeið sem haldið var með sálfræðingum.

Samningur við Reykjavíkurborg var undirritaður 31. janúar 2006 og gildir til 31. október 2008. Samið var um nýja launatöflu og endurskoðaður var röðunarhluti samningsins. FÍN var boðið að ganga inn í starfsmatskerfi Reykjavíkurborgar en félagið taldi það ekki ásættanlegan kost. Með nýjum kjarasamningi við Reykjavíkurborg náðist ekki að leysa deilur á ákveðnu sviði hjá borginni um aukið umfang starfa. Því máli er enn ólokið.

Samningaviðræður við Launanevnd sveitarfélaga hafa staðið í rúmt ár og enn ekki skilað árangri. Viðræður hafa verið mjög snúnar og margslungnar enda verið að reyna að samræma mismunandi samninga. Deilur hafa einnig verið t.d. um hver hafi umboð til samninga vegna einstaka náttúrustofa. Samningar hafa enn ekki nást og er sú staða óásættanleg fyrir félagsmenn FÍN sem hafa beðið eftir launahækkunum á annað ár.

Félagið kom einnig að öðrum málum á árinu og má þar nefna vinnu við að tryggja réttindi félgsmanna og sameiningu stofnanasamninga á tveimur nýjum stofnunum. En auk þess hefur verið unnið að endurskoðun stofnanasamninga eftir þörfum og uppsetningu á matskerfum í samræmi við ákvæði í viðkomandi stofnanasamningum. Félagið hefur einnig unnið að öflun upplýsinga um launakjör félagsmanna enda hafa engar upplýsingar borist til KOS frá ríkinu eftir að launakerfið í Oracle var tekið upp. Á almennum vinnumarkaði var unnið að ramma um ráðningarsamninga. Rúmlega fjórtíu einstaklingar fengu liðsinni félagsins við gerð ráðningarsamninga á almennum markaði .

Á síðasta ári kom út reglugerð um samskiptavandamál í kjölfar breytinga á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Ýmiss gömul mál hafa verið tekin upp á

stofnunum í kjölfarið. Félagið hefur verið að fóta sig í nýju umhverfi og finna með hvaða hætti félagið getur aðstoðað við að koma málum í farveg en skv. lögum bera yfirmenn ábyrgð á úrlausn slíkra mála. Félagið hefur aðstoðað tvo hópa og þrjá einstaklinga með meint eineltismál á síðasta ári.

Á síðasta ári keypti FÍN nýtt húsnæði með BHM og öðrum félögum innan BHM að Borgartúni 6. Í marsmánuði síðastliðnum flutti félagið í nýja húsnæðið og er þar hátt til lofts og vítt til veggja og gefur færi á að hugsa stórt. Mun betri fundaraðstaða er í nýjum húsakynnum til dæmis til að funda með trúnaðarmönnum.

Félagið hefur verið virkt innan BHM að vanda og má þar nefna lífeyrismál og vinnu innan vinnuumhverfisnefndar BHM við að þróa flæðirit og verkferla stéttarfélaganna í eineltismálum og samskiptavanda á vinnustað. Einnig hefur félagið tekið þátt í eftirfylgni vegna endurnýjunar húsnæðisins í Borgartúninu.

Árið 2005 var afmælisár í sögu félagsins en það var stofnað í upphafi árs 1955. Upphafsmaður og fyrsti formaður var Tómas Tryggvason, atvinnudeild Háskóla Íslands. Stofnfélagar voru um 20 en voru fjórum árum síðar orðnir 32. Á aðalfundi 2006 eru félagsmenn FÍN 1878 en þar af eru 1101 virkir félagsmenn, 54% þeirra eru karlar. Flestir virkir félagsmenn vinna hjá ríkinu eða 708. Hjá Reykjavíkurborg eru 52 en 27 hjá öðrum sveitarfélögum. Hjá sjálfseignastofnunum eru 40 virkir félagar, 30 hjá náttúrustofum en 244 á einkamarkaði.

Félagið þarf að vinna að stefnumótun til framtíðar með það að markmiði að bæta þjónustu við félagsmenn og endurskipuleggja hvernig staðið er að samningamálum í breyttu umhverfi.

Ína Björg Hjálmarsdóttir
formaður FÍN

Staða kjara- og stofnanasamninga

1. *Kjarasamningi vegna ríkisstarfsmanna - lokið*
2. *Kjarasamningi við Reykjavíkurborg - lokið*
3. *Kjarasamningi vegna starfsmanna sveitarfélaga - Launanefnd sveitarfélaga sleit viðræðum við FÍN fyrir páska*
4. *Kjarasamningar vegna sjálfseignastofnana – lokið að hluta*
5. *Kjarasamningur á almennum vinnumarkaði – Beiðni hefur verið send til Samtaka atvinnulífsins um gerð kjarasamnings.*

Stofnanasamningar – undirritaðir stofnanasamningar eru settir jafnharðan á heimasíðu FÍN og hægt að fylgjast með framgangi þeirra þar. www.fin.is

Þrúður G. Haraldsdóttir

Orlofshús sumarið 2006

Félagsmenn sem hafa áhuga á sumardvöl í orlofshúsi á vegum félagsins eru hvattir til að sækja um og merkja við alla valkosti sem þeir geta hugsanlega notað á umsóknareyðublaðinu. Hægt er að nálgast umsóknareyðublaðið og nánari upplýsingar um húsin á heimasíðu FÍN; <http://www.fin.is>.

SKÓGARKOT Í BORGARFIRÐI

Skógarkot er mjög rúmgott timburhús í Norðtunguskógi u.þ.b. 2 km ofan við bæinn Norðtungu í Þverárhlíð í Borgarfirði. Skógarkot stendur eitt og sér í þéttvöxnum skógi og hefur dvöl þar notið mikilla vinsælda meðal félagsmanna. Húsið er það stórt að það rúmar vel 2 - 3 fjölskyldur.

Í húsinu er 2 svefnherbergi á jarðhæð með tvíbreiðu rúmi annarsvegar og venjulegu rúmi hinsvegar. Á efri hæð eru tvö svefnloft auk herbergis með samtals 8 rúmum (4+3+1). Auk þess eru í húsinu eitthvað af aukadýnum, samanbrotið barnarúm og barnastóll. Á neðri hæð er rúmgóð stofa, borðstofa, eldhús, bað með sturtu og bakinngangur. Í eldhúsinu er eldavél, ísskápur, örbylgjuofn og borðbúnaður fyrir a.m.k. 12 manns. Sængur og koddar eru fyrir 12 en gestir þurfa að taka með sér allt lín. Borð-, gólfuskur og viskastykki þurfa gestir einnig að taka með sér. Gasgrill er á staðnum og heitur pottur við húsið. Umsjónarmaður á að sjá til þess að nóg gas sé fyrir hendi en gott er að láta hann vita ef kútur klárast. Fullur varakútur á alltaf að vera til staðar.

Vikuleiga í sumar er kr. 20.000.

FÍN – HÚSIÐ Í BISKUPSTUNGUM

Margir félagsmenn þekkja húsið við Fullsæl og umhverfi þess vel en fyrst var húsið leigt út í júní 1984. Húsið stendur í landi Syðri-Reykja í Biskupstungum og er ca 45 fermetrar á einu gólfi (án svefnlofts). Þar er forstofa, tvö svefnherbergi; annað með tvíbreiðu rúmi en hitt með koju (þ.e. rúm og hákoja), baðherbergi með sturtu, stofa með hornsófa og svefnsofa sem hægt er að draga út í tvíbreitt rúm og eldhúskrókur með eldavél og ísskáp. Í húsinu er samanbrotið barnarúm og barnastóll. Sængur og koddar eru fyrir sex (og eitthvað af aukadýnum) en gestir þurfa að hafa með sér allt lín. Borð-, gólfuskur og viskastykki þurfa gestir einnig að taka með sér. Borðbúnaður er fyrir a.m.k. 10 manns. Í bústaðnum er gasgrill og sjónvarp. Umsjónarmaður á að sjá um að fylla á gaskúta en gott er að láta hann vita ef gas klárast. Heimilt er að veiða í ánni Fullsæl sem rennur fyrir neðan húsið án sérstaks leyfis í hvert sinn (sjá nánari upplýsingar í húsinu) og er veiðigjaldið innifalið í húsaleigu. Heitur og skjól-góður pottur er áfastur við húsið og þá eru góðar rólur og sandkassi til staðar fyrir börn. Á síðasta ári var pallur við húsið endurnýjaður, nýtt lok sett á heita pottinn og í ár er áætlað að endurnýja sturtukelfann

Vikuleiga í sumar er kr. 16.000.

FLÓKALUNDUR Á BARÐASTRÖND

Húsið stendur í orlofshúsaahverfi rétt utan við Flókalund í Vatnsfirði vestur. Svæðið er rómað fyrir náttúrufergurð (skógur, fjörður, stórt stöðuvatn) og friðlýst sem slíkt.

Húsið skiptist í forstofu, stofu og baðherbergi með sturtu, eldhúskrók með eldavél og ísskáp, hjónaherbergi og barnaherbergi með svefnstæðum fyrir þrjá. Almennur búnaður er fyrir 6-8 manns, sængur fyrir sex. Eldavél er með tveimur hellum og bakarofni. Orlofsgestir þurfa að taka með sér allt lín. Akstur í sundlaug og verslun (Birkimel) tekur 15 mín á malbikuðum vegi. Hótel Flókalundur er auk þess í næsta nágrenni sem áður sagði ef fólk vill fá matinn tilbúinn. Vikuleiga er kr. 16.000.

BLÖNDALSBUÐ Á HÉRAÐI

Félagsmönnum stendur til boða rúmgott nýlegt hús; Blöndalsbúð í Eyjólfsstaðaskógi á Héraði í tvær vikur í sumar. Húsið er ekki langt frá Einarstöðum um 11 km innan við Egilsstaði í átt að Hallormsstað. Húsið rúmar tvær samrýmdar fjölskyldur en hjónaherbergi er þó aðeins eitt öðrumegin á svefnlofti. Þar er hjónarúm og auk þess má bæta við dýnu á gólfi. Önnur gistiðstaða eru 5-8 dýnur á hinum hluta svefnloftsins. Sængur og koddar fylgja með en gestir verða að hafa með sér allt lín. Borðbúnaður er fyrir a.m.k. 8 manns. Húsið er kynnt með rafmagni en einnig má nota viðarofn sem fóðraður er með birkibútum sem er að finna í viðarskýli við húsið. Næsta nágrenni, þegar frá er talinn 30 m² útíallur og grasflöt, er að mestu skógur með göngustígum innan um birki og greni. Gönguleiðir um skóginn geta verið margir km ef áhugi er fyrir slíku. Í húsinu er ekki sjónvarp en þar er útvarp með geisla-spilara. Kolagrill er á staðnum. Vikuleiga er kr 25.000.

ÖNNUR ORLOFSHÚS

Bent skal á að eftir úthlutun hjá BHM er hugsanlegt að einhverjar vikur verði lausar í orlofs-húsum samtakanna og hægt er að grennslast fyrir um það eftir mánaðarmótin maí/júní með því að senda tölvupóst til BHM. Netfangið er bhm@bhm.is.

Úthlutunarreglur orlofshúsa FÍN

Félagsmönnum er forgangsraðað í orlofshúsin eftir neðangreindri formúlu eins og áður:

$$k = \frac{(50 + \text{aldur}) \times \text{prófaldur}}{(1 + \text{hve oft úthlutað áður})}$$

Í reglugerð fyrir orlofshús FÍN er meðal annars kveðið á um:

- að úthlutun hjá FÍN hefur engin áhrif á úthlutun hjá BHM og öfugt
- einungis þeir sem hafa greitt félagsgjöld sín fá úthlutað eftir for-gangsroð
- eftirlaunaþegar hafa þó fullan rétt, enda eru þeir undanþegnir greiðslu félagsgjalda.

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL FIMMTUDAGSINS 18. MAÍ OG ÞURFA UM-SÓKNIR AÐ BERAST SKRIFSTOFU Í SÍÐASTA LAGI ÞANN DAG.

Umsóknareyðublaðið er að finna í miðju fréttabréfsins og á heimasíðu félagsins; <http://www.fin.is/>
Þar er einnig að finna nánari upplýsingar um sumarhúsin.

Stjórnskipaðar nefndir

Arkitektanefnd:

- Jóhannes Kjarval Reykjavíkurborg, Borgarskipulag
- Sigurður Thoroddssen Skipulagsstofnun
- Bergljót S. Einarsdóttir Garðabær

Menntanefnd:

- Barði Þorkelsson Veðurstofa Íslands
- Emma Eyþórsdóttir Rannsóknastofnun landbúnaðarins
- Aðalsteinn Sigurgeirsson Skógrækt ríkisins, Mógilsá
- Hans Guttormur Þormar Landspítali-háskólasjúkrahús

Fulltrúar FÍN í miðstjórn BHM:

- Páll Halldórsson Veðurstofa Íslands
- Ína Björg Hjálmarsdóttir Landspítali-háskólasjúkrahús, Blóðbanki
- Þorsteinn Sigurðsson Hafrannsóknastofnunin
- Þrúður G. Haraldsdóttir framkvæmdastjóri Félags íslenskra náttúrufræðinga er áheyrnarfulltrúi

Heilbrigðisnefnd:

- Auður Antonsdóttir Landspítali-háskólasjúkrahús, veirudeild
- Björn Harðarson Landspítali-háskólasjúkrahús, Blóðbankinn
- Steinunn Thorlacius, Urður verðandi skuld, hefur ekki náðst í .
- Sigríður Elefssen Landspítali-háskólasjúkrahús

Umhverfisnefnd: 8 Vantar 7

- Freysteinn Sigurðsson Orkustofnun

Önnur málefni

Stjórn FÍN hefur einnig falið eftirfarandi aðilum ákveðin málefni:

Starfshópur um málefni lífeyrisþega:

- Heiðrún Guðmundsdóttir Umhverfisstofnun
- Ólafur R. Dýrmondsson, Bændasamtök Íslands
- Vilhjálmur Þorsteinsson, Hafrannsóknastofnun

Umsjónarmenn trúnaðarmanna:

- Vala Friðriksdóttir Háskóli Íslands
- Þóroddur Fr. Þóroddsson Skipulagsstofnun
- Svava St. Steinarsdóttir Umhverfisstofnun